

KIRKJUGARÐARÁÐ

36. fundur Kirkjugarðaráðs haldinn á Biskupsstofu mánudaginn 12. desember 2005.

Fundinn sátu: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þorsteinn Ragnarsson, Smári Sigurðsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru: Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins, Sr. Jón Þorsteinsson prestur Lágafellssóknar, Jóhann Björnsson starfsmaður kirkjugarða Lágafellssóknar og Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt.

1. Formaður setti fund kl. 15:10

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram. Gerðar voru ýmsar athugasemdir við fundargerðina og var ákveðið að fresta samþykkt hennar til næsta fundar.

2. Málefni kirkjugarða Lágafellssóknar

Sr. Jón Þorsteinsson kynnti erindið. Fyrir síðustu aldamót var ljóst að kirkjugarðurinn á Lágafelli var orðinn allt of lítill og þar sem búið var að taka frá grafarstæði fyrir maka var garðurinn orðinn fullur árið 2000. Því þurfti að stækka garðinn og var ákveðið að gera ráðstafanir til næstu 30 ára. Sóknin fékk 2,3 mkr. styrk frá Kirkjugarðaráði á níunda áratugnum, en síðan þá hefur hún kostað framkvæmdirnar sjálf. Kostnaður nemur nú um 40 mkr.

Sveitarfélagið hefur greitt kostnað vegna girðingar og vegalagningar, svo sem því ber og keypti jafnframt landið undir viðbótarsvæðið við kirkjugarðinn. Lokið er við að malbika aðkomu og bílastæði, en eftir er að setja sáluhlið og að gróðursetja plöntur á svæðinu.

Sótt var um 15 mkr. til Kirkjugarðaráðs árið 2000 og var umfjöllun um það frestað. Málið datt upp fyrir og er nú verið að koma málinu í gang aftur. Það sem óskað er eftir er að fá fast framlag vegna framkvæmdanna og að fá viljrði um nokkur ár fram í tímann.

Jóhann benti á að einungis ¼ hluti svæðisins væri orðinn grafartækur. Nauðsynlegt væri að gera næsta hluta grafartækan innan fimm ára.

Framkvæmdirnar frá í sumar hafa verið fjármagnaðar en eru í skuld og bitnar það á hirðingu garðanna. Sóknin er með þrjá garða: Lágafell, gamla garðinn á Mosfelli sem lítið er grafið í nú og nýja garðinn. Kostnaður er vegna hirðingar í öllum gördunum.

Sr. Jón spurði hver greiddi kostnað vegna duftkera erlendra ríkisborgara. Reglan er sú að aðstandendur geri það.

Guðmundur Rafn benti á að tekjur Lágafellssóknar hefðu minnkað um 40% með nýja gjaldamódelinu. Niðurstaðan var sú að þeir sæktu um styrk og að umsóknin yrði skoðuð þegar kemur að næstu úthlutun úr Kirkjugarðasjóði.

3. Bréf vegna greiðslu grafartökukostnaðar úr Kirkjugarðsjóði

Greint var frá að búið væri að senda bréf vegna málefnsins til sóknarnefnda og ákvað fundurinn að bréf yrðu einnig send til prófasta.

4. Lokastærðir úr GPS-mælingu kirkjugarða

Sigurgeir gerði grein fyrir mælingum á stærð kirkjugarða, en mælingarnar verða hafðar til hliðsjónar við mat vegna gjaldamóðelsins. Mælt var það svæði sem búið var að grafa í og kom í ljós að greifrunarsvæði var í mörgum tilfellum minna en talið var áður en í öðrum var það stærra. Nemur minnkun svæða sem grafið hefur verið í um 1000m² (sjá meðf. samantekt Sigurgeirs). Þórsteinn benti á að nauðsynlegt væri að senda uppmælingarnar til Stefáns Arngrímssonar, sem hannaði gjaldalíkanið með KGSÍ. Ákveðið var að Sigurgeir sendi upplýsingarnar til Þórsteins sem kæmi þeim áfram til Stefáns.

5. Kynning á deiliskipulagi Kotstrandarkirkjugarðs

Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt kynnti vinnu við deiliskipulag sem unnið hefur verið að undanfarin ár og fyrirhugað er að ljúka fljótlega. Kotströnd þjónar bæði Hveragerði (80%) og Ölfusi (20%). Grafartækt land er að verða uppurið við kirkjuna og þarf því að fara að hugsa til stækkunar. Þar er gert ráð fyrir stækkun í vestur og stærra þjónustubyggingu (vélahúsi) og safnaðarhúsi sem verði samtals um 600 m². Einnig er gert ráð fyrir grafarsvæði sunnan við kirkjugarðinn.

Vegna jarðhitans er ekki gert ráð fyrir kirkjugarði í Hveragerði. Í aðalskipulagi Hveragerðis er gert ráð fyrir að Kotstrandarkirkjugarður verði kirkjugarður Hvergerðinga. En í Hveragerði er árleg fjölgun íbúa um 2%.

Stefnt er að því að árið 2007 verði svæðið vestan við kirkju og næst henni grafartækt og að stígar og umhverfi verði þá tilbúin og myndi heild. Gert er ráð fyrir að þar verði 90 grafir. Þórsteinn benti á að ekki væri greitt fyrir umhirðu annarra svæða en þeirra sem grafið væri í. Óskynsamlegt væri að gera önnur svæði grafartæk og skynsamlegra væri að sá í þau. Það sé ekki skynsamlegt að skipuleggja og ganga frá of stóru svæði í einu. Mikilvægt væri að fjárfesting næði ekki lengra en 10 ár fram í tímann þannig að hún yrði ekki sókninni ofviða.

Deiliskipulagstillagan hefur verið samþykkt hjá sóknarnefnd og send til umsagnar til Vegagerðar og Fornleifaverndar ríkisins.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá umsögn f.h. Kirkjugarðaráðs.

6. Útdeiling á fjármagni til kirkjugarða árið 2006

Þórsteinn Ragnarsson kynnti erindið. Með lagabreytingu frá sl. ári var Kirkjugarðaráði falið að deila fjármagni milli kirkjugarða í samræmi við gjaldalíkanið sem unnið var. Eftir er að leiðrétta stærðir svæða þar sem grafið hefur verið í samræmi við mælingar Sigurgeirs. Skv. samningi við ríkið á að leggja þetta fyrir Kirkjugarðaráð til samþykktar og senda síðan niðurdeilingu greiðslna til dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Senda átti átti mat á greiðslu fyrir 1. desember, en Þórsteinn bað um frestun vegna þess að ekki hafði verið lokið við leiðréttingu á stærð grafasvæða.

Stærð garða og fjöldi grafinna hvert ár er útgangspunktur og sá fermetrafjöldi sem allar grafir í kirkjugörðum ná yfir. Fram kom að á hverju ári er nauðsynlegt að leiðrétta áætlun ársins á undan, því vitað er að hún stenst ekki nákvæmlega. Þetta er væntanlega hægt um eða eftir miðjan janúar en þá liggur fyrir fjöldi látinna á gardur.is og hvar hver og einn er grafinn. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir er árið á undan gert upp með því að kanna hvort áætlun um fjölda látinna í hverri sókn stenst. Ef þetta er ekki gert verður ósamræmi í greiðslum til garðanna. Ef í ljós kemur að leiðrétta þarf greiðsluna vegna grafartöku er það leiðrétt með umhirðuþeningunum.

7. Bréf frá stjórn Kirkjugarða Húsavíkur

Bréf frá stjórn Kirkjugarða Húsavíkur þar sem óskað var eftir styrk vegna þjónustuhúss. Talið að nauðsynlegt sé að fara til Húsavíkur og skoða aðstæður. Smára og Guðmundi Rafni falið að eiga fund með aðilum frá kirkjugarðinum og kanna hver sé fyrirhuguð nýting hússins og hvernig greiðslu vegna verksins verði skipt milli kirkju og kirkjugarðs.

8. Önnur mál

Kynnt var að halli hefði verið á ráðstefnu Norrænna kirkjugarða sem haldin var í Reykjavík í ágúst sl. Hér er um hagsmunamál allra kirkjugarða landsins að ræða. Kirkjugarðaráð ákvað að Kirkjugarðasjóður styrki KGSÍ um aukafjármagn um 4 mkr. vegna halla og að undangenginni kynningu á nákvæmu uppgjöri.

Samþykkt var að hækka framlag kirkjugarða til Kirkjugarðasjóðs úr 8% í 8,5%, sbr. 45 gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Þórsteinn lagði fram til kynningar tillögu nefndar í útfararsíðamálum o.fl. sem unnið var fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Í nefndinni sátu sr. Þórsteinn Ragnarsson, sr. Kristján Valur Ingólfsson og próf. Einar Sigurbjörnsson.

Fundi slitið klukkan 17: 40.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari